

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

36. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILID 2014-2018

Árið 2017, þriðjudaginn 31. jan. kl.13:00 var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Anna Lind Ragnarsdóttir, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott, og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Oddviti bauð viðstadda velkomna.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð menningarnefndar frá 30. jan 2017.
2. Umsögn Súðavíkurhrepps v/ mats á umhverfisáhrifum af framleiðsluaukningu um 7.600 tonn – tillaga að matsáætlun – v/ laxeldis í Ísafjarðardjúpi. Arctic Sea Farm.
3. Umsögn Súðavíkurhrepps v/ mats á umhverfisáhrifum af framleiðslu á 10.000 tonnum – tillaga að matsáætlun – v/ laxeldis í Ísafjarðardjúpi. Arnarlax.
4. Umsögn Súðavíkurhrepps v/ frummatsskýrslu um mat á umhverfisáhrifum vegna framleiðslu á 6.800 tonnum – v/ laxeldis í Ísafjarðardjúpi. Háafell ehf.
5. Úttekt mannvirkjastofnunnar á slökkviliðum 2016 – Súðavíkurhreppur.
6. Ósk eftir viðræðum vegna yfirtöku á Matvöruverslun Súðavíkurhrepps ehf – bréf til sveitarstjórnar frá 19. desember.
7. Minnisblað frá Andra Árnasyni v/ vatnsréttinda í Súðavíkurhreppi lagt fram.
8. Tilnefning Súðavíkurhrepps v/ sameiginleg fulltrúa Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkurkaupstaðar og Súðavíkurhrepps í DMP svæðisráð Vestfjarða.
9. Bréf til sveitarstjórnar frá Ferðapjónustunni í Reykjanesi ehf. frá 24. jan – undirritað af Jóni Heiðari Guðjónssyni.
10. Sérreglur Súðavíkurhrepps vegna úthlutunar byggðakvóta fiskveiðiárið 2016-2017
11. Umsókn Súðavíkurhrepps í Fjarskiptasjóð vegna ljósleiðaraheimtenginga í dreifbýli.

1. Liðnum frestað til 37. fundar sveitarstjórnar.
2. Matsáætlun Arctic Sea Fram lögð fram.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Samþykkt samhljóða.

Eftirfarandi bókun lögð fram af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar vinnu við matsáætlun fyrir 7600 tonna framleiðslu á laxi í sjóeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Arctic Sea Farm og bindur mikla vonir við að efni skýrsluna verði gagnlegt við næstu skref framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps. Einstakir umhverfisþættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum. Í þessu ljósi er mikilvægt að kanna áhrif framkvæmdarinnar á laxveiðiár í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi verði framkvæmt sem fyrst.

Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn, vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokölluð slysatilvik, þ.e. að eldiasfiskur sleppi úr eldiskvíunum og sæki upp í nærliggjandi ár. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu að framkvæmdaðili spari hvergi til að verjast slíkum slysasleppingum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga nái yfir aðliggjandi strandsvæði, firði og flóa og æskilegt er að skipulag standsjávar nái út að einni sjómílu frá grunnlínu. Mikilvægt er að tryggja sveitarfélögum sanngjarna tekjustofna af starfseminni, hvort sem það er gegnum auðlindargjald eða annað form.

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem greind voru möguleg hagræn áhrif slíkrar eldisuppyggingar á svæðið kemur meða annars eftirfarandi fram:

Þegar 10 þús. tonna laxeldi byggist upp í Ísafjarðardjúpi má gera ráð fyrir því að störfum muni fjölga um 130 á atvinnusvæðinu. Meðallaun í greininni eru hærri en lágmarkslaun og gera má ráð fyrir því útsvarstekjur mun aukast um tæplega 100 milljónir króna á svæðinu. Starfsemin sem slík mun því hafa veruleg áhrif á atvinnulíf svæðisins og stækkar tekjustofna sveitarfélagna á svæðinu. (Hagræn áhrif laxeldis á Vestfjörðum, ATVest 2014)

Af því gefnu að niðurstaða umhverfismats verði jákvæð leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla á áherslu hversu samfélagslega mikilvægt það er fyrir svæðið að framleiðsla á laxi í sjó verði að veruleika, meðal annars með vísan í skýrslu AtVest.

3. Matsáætlun Arnarlax lögð fram.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemdir við matsáætlunina.

Eftirfarandi bókun lögð fram af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar vinnu við matsáætlun fyrir 10.000 tonna framleiðslu á laxi í sjóeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Arnarlax og bindur mikla vonir við að efni skýrsluna verði gagnlegt við næstu skref framkvæmdarinnar.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps og að einstakir umhverfisþættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum. Í þessu ljósi er mikilvægt að kanna áhrif framkvæmdarinnar á laxveiðiár í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi verði framkvæmt sem fyrst.

Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn, vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokölluð slysatilvik, þ.e. að eldiasfiskur sleppi úr eldiskvíunum og sæki upp í nærliggjandi ár. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu á framkvæmdaðili spari hvergi til að verjast slíkum slysasleppingum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga nái yfir aðliggjandi strandsvæði, firði og flóa og æskilegt er að skipulag standsjávar nái út að einni sjómílu frá grunnlínu.

Mikilvægt er að tryggja sveitarfélögum sanngjarna tekjustofna af starfseminni, hvort sem það er gegnum auðlindargjald eða annað form.

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem greind voru möguleg hagræn áhrif slíkrar eldisuppbyggingar á svæðið kemur meðal annars eftirfarandi fram:

Þegar 10 þúsund tonna laxeldi byggist upp í Ísafjarðardjúpi má gera ráð fyrir því að störfum muni fjölga um 130 á atvinnusvæðinu. Meðallaun í greininni eru hærri en lágmarkslaun og gera má ráð fyrir því útsvarstekjur mun aukast um tæplega 100 milljónir króna á svæðinu. Starfsemin sem slík mun því hafa veruleg áhrif á atvinnulíf svæðisins og stækkar tekjustofna sveitarfélagna á svæðinu. (Hagræn áhrif laxeldis á Vestfjörðum, ATVest 2014)

Af því gefnu að niðurstaða umhverfismats verði jákvæð leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla á áherslu hversu samfélagslega mikilvægt það er fyrir svæðið að framleiðsla á laxi í sjó verði að veruleika, meðal annars með vísan í skýrslu AtVest.

4. Frummatsskýrsla Háafells lögð fram.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps gerir ekki athugasemd við framlagða frummatsskýrslu.

Eftirfarandi bókun lögð fram af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps fagnar vinnu við fyrir 6800 tonna framleiðslu á laxi í sjóeldi í Ísafjarðardjúpi á vegum Háafells og bindur mikla vonir við að efni skýrsluna verði gagnlegt við næstu skref framkvæmdarinnar.

Frá árinu 2002 hefur HG stundað þorskeldi, aðallega í Álfafirði og í Seyðisfirði. Þessi starfsemi HG hefur verið gríðarlega mikilvæg fyrir atvinnulíf Súðavíkurhrepps, sem því miður hefur verið einsleitt undanfarin ár og átt undir högg að sækja. Með aukningu á umsvifum, með því að hefja framkvæmd á 6.800 tonna framleiðslu má segja að samfélagið fái kröftuga vítamínsprautu, sem það hyggst vinna vel úr.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps leggur mikla áherslu á að framkvæmdin hafi sem minnst neikvæð áhrif umhverfi Súðavíkurhrepps. Einstakir umhverfisþættir, sem geta verið viðkvæmir, verði kannaðir sérstaklega með það fyrir augum að vernda þá fyrir óafturkræfum spjöllum. Í þessu ljósi er mikilvægt að kanna áhrif framkvæmdarinnar á laxveiðiár í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að burðarþolsmat í Ísafjarðardjúpi verði framkvæmt sem fyrst.

Sérstaklega er mikilvægt að framkvæmdaraðilinn, vandi vel til verka og geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir svokölluð slysatilvik, þ.e. að eldiasfiskur sleppi úr eldiskvíunum og sæki upp í nærliggjandi ár. Miklir hagsmunir eru þar í húfi og leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla áherslu að framkvæmdaðili spari hvergi til að verjast slíkum slysasleppingum.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps minnir á mikilvægi þess að skipulagsvald sveitarfélaga nái yfir aðliggjandi strandsvæði, firði og flóa og æskilegt er að skipulag standsjávar nái út að einni sjómílu frá grunnlínu. Mikilvægt er að tryggja sveitarfélögum sanngjarna tekjustofna af starfseminni, hvort sem það er gegnum auðlindargjald eða annað form.

Í skýrslu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða þar sem greind voru möguleg hagræn áhrif slíkrar eldisuppyggingar á svæðið kemur meða annars eftirfarandi fram:

Þegar 10 þúsund tonna laxeldi byggist upp í Ísafjarðardjúpi má gera ráð fyrir því að störfum muni fjölga um 130 á atvinnusvæðinu. Meðallaun í greininni eru hærrí en lágsmarkslaun og gera má ráð fyrir því útsvarstekjur mun aukast um tæplega 100 milljónir króna á svæðinu. Starfsemin sem slík mun því hafa veruleg áhrif á atvinnulíf svæðisins og stækkar tekjustofna sveitarfélagna á svæðinu. (Hagræn áhrif laxeldis á Vestfjörðum, ATVest 2014)

Af því gefnu að niðurstaða umhverfismats verði jákvæð leggur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps mikla á áherslu hversu samfélagslega mikilvægt það er fyrir svæðið að framleiðsla á laxi í sjó verði að veruleika, meðal annars með vísan í skýrslu AtVest.

5. Sveitarstjóra falið að klára þjónustusamning við Ísafjarðarbæ vegna slökkviliðs Súðavíkurhrepps og bera undir sveitarstjórn á næsta fundi.

Sveitarstjóra falið að gera úttekt á niðurstöðu Mannvirkjastofnunar og gera skammtíma aðgerðaráætlun á meðan samningar eru kláraðir við Ísafjarðarbæ.

6. Umræða um bréfið. Sveitarstjóra veitt heimild að hefja viðræður um efni bréfsins og leggja niðurstöðuna fyrir næsta fund sveitarstjórnar.

7. Kynning á minnisblaðinu. Andri Árnason mætir til fundar í síma.

Efni minnisblaðsins verður ekki gert opinbert að svo stöddu vegna mögulegra málshagsmuna.

Sveitarstjórn felur lögmannsstofunni Juris / Andra Árnasyni að kanna réttarstöðu sveitarfélagsins í málinu.

8. Fram hefur komið að tilnefning Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkurkaupstaðar sé Jón Páll Hreinsson. Súðavíkurhreppur gerir ekki ágreining um það og samþykkir Jón Pál Hreinsson sem fulltrúa sveitarfélaganna þriggja í ráðinu.

9. Bréfið lagt fram. Vísað til skipulag og byggingarnefndar.

10. Hér vikur Anna Lind af fundi vegna vanhæfist.

Á síðasta fundi sveitarstjórnar var lögð fram tillaga að sérreglum vegna úthlutunar á byggðakvóta 2016 – 2017. Þessar reglur voru samþykktar.

Í ljósi nýrra upplýsinga frá ráðuneytinu er nauðsynlegt að gera breytingar á sérreglum sveitarfélagsins og leggja þær fyrir sveitarstjórn hér.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Viðmiðunardagsetningar breytast færast frá 1. des. til 31. des 2016.

Þá breytist skilgreining á 30% potti í 4 gr. í eftirfarandi: *30% byggðakvóta Súðavíkur skal skipt jafnt milli þeirra fiskisskipa sem uppfylla 1. gr reglugerðarinnar og eru með sérveiðileyði til sæbjúgnaveiða með vísan er reglugerð nr. 795 frá árinu 2013.*

Samþykkt samhljóða.

Óvíst er að Sæbjúga geti talist sem mótframlag fyrir byggðakvóta. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að sækja um undanþágu hjá ráðuneyti vegna þessa, ef Sæbjúga reynist ekki vera gjaldgeng.

Reynist ekki fær leið að fá þessar reglur samþykktar hjá ráðuneytinu samþykkir sveitarstjórn að óbreyttar reglur sveitarfélagsins frá fyrra fiskveiðiári muni gilda.

Samþykkt samhljóða.

11. Hér kemur Anna Lind inn aftur til fundar.

Sveitarstjórn samþykkir að umsókn A verði forgangsumsókn sveitarfélagsins í fjarskiptasjóð. Innan hennar eru allir styrkhæfir staðir í sveitarfélaginu, sem ekki fengu styrk í síðustu úthlutun.

Sveitarstjórn samþykkir að umsókn B verði til þrautarvara. Í henni eru tveir styrkhæfir staðir, Heydalur og Svarthamar.

12. Lagt fram.

13. Trúnaðarmál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:30

**Anna Lind Ragnarsdóttir
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

